

Starfsreglur Alþjóðaráðs LUF

I. Hlutverk og markmið

Hlutverk Alþjóðaráðs er að tryggja að LUF standi við allar skuldbindingar sínar í erlendu samstarfi og fullnýti þau tækifæri sem alþjóðastarf felst í eins og kostur er.

Markmið alþjóðaráðs LUF er að starfa sem fræðslu-, samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir alþjóðafulltrúa aðildarfélaga LUF.

Alþjóðaráð starfar á grundvelli starfsreglna þessara.

II. Skipan alþjóðaráðs

Alþjóðaráð samanstendur af skipuðum fulltrúum aðildar- og áheyrnarfélaga ásamt kjörnum ungmennafulltrúum hjá Sameinuðu þjóðunum.

Stjórnir aðildar- og áheyrnarfélaga LUF skulu skipa sinn fulltrúa í ráðið. Skal miða við að skipaður fulltrúi sé ábyrgðaraðili alþjóðamála síns félags. Hafa þeir rétt til að kalla til staðgengil úr sínu aðildarfélagi geti þeir ekki sótt fund alþjóðaráðs LUF.

Alþjóðafulltrúi stjórnar er oddviti ráðsins og tengiliður þess við stjórn.

III. Umboð og starfsemi

Alþjóðaráð starfar í umboði LUF og sinnir þeim verkefnum sem því eru falin af bæði leiðtogaráði og stjórn.

Leitað er til alþjóðaráðs um samráð, ráðgjöf, aðstoð og upplýsingagjöf tengdu alþjóðlegu samstarfi LUF.

Stjórn LUF getur falið alþjóðaráði að tilnefna fulltrúa á fundi, viðburði, ráðstefnur, í alþjóðlegar nefndir, ráð og sérfræðihópa þegar við á. Skal alþjóðaráð óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögum þegar svo ber undir. Stjórn skal þó tilnefna fulltrúa úr sínum röðum á eftirfarandi viðburði:

- a. Fundi á vegum Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum - YFJ) og aðildarfélaga þess.
- b. Fundi sem tengjast þátttöku LUF í Norðurlanda- og Estrasaltsríkjasamstarfsins (e. Nordic-Baltic Cooperation -NBC).

Alþjóðaráð skal funda hið minnsta einu sinni á starfsári stjórnar, sbr. 20. gr. samþykktu LUF. Alþjóðafulltrúi stjórnar hefur heimild til að boða fundi aukalega. Alþjóðaráð getur óskað eftir fundi sé þess þörf. Fulltrúar alþjóðaráðs hafa seturétt, tillögurétt og málfrelsi á fundum leiðtogaráðs LUF.

Þegar leitað er eftir stefnumótun frá LUF á alþjóðavettvangi skal alþjóðaráð leiða þá vinnu. Lokadrög skulu samþykkt af stjórn LUF.

Ef LUF heldur alþjóðlega ráðstefnu, eða tekur þátt í skipulagningu slíks viðburðar hér á Íslandi, skal leita til alþjóðaráðs til samráðs.

Fulltrúar LUF á aðalfundum, fulltrúaráðsfundum, ráðstefnum, fundum og öðrum viðburðum á vegum annarra ríkja, erlendra samstarfsaðila, systursamtaka LUF, YFJ og alþjóðlegra stofnanna skila skýrslu um viðburðina til stjórnar LUF. Þar skal koma fram það helsta sem fram fór með því að fylla út [skýrsluform LUF](#). Sama gildir um viðburði innanlands um alþjóðleg málefni.

Fulltrúar LUF erlendis skulu halda utan um afrit af öllum ferðagögnum og sjá til þess að koma þeim til starfsfólks sem fylla út eyðublað til endurgreiðslu.

Fulltrúar fylla út eyðublað með [endurgreiðslubeiðni til LUF](#) vegna ferðakostnaðar sem þeir leggja út fyrir.

*Samþykkt á leiðtogaráðsfundi LUF þann 6. apríl 2022.
Endurskoðað og lagt fram til samþykktar á leiðtogaráðsfundi LUF 26. apríl 2023.*